

Lagabreyting.

Tillaga 1 – lagabreyting á 5.gr. laga.

II. kafli. Aðild.

5. grein.

Starfsskýrslur/ársskýrslur

Hverju aðildarfélagi innan HSV er skylt að skila starfsskýrslu eigi síðar en 15. apríl ár hvert. Starfsskýrslur skulu innihalda félagatal, iðkendatal og ársreikninga. Í starfsskýrslum skal aðgreina meistaraflokk frá barna- og unglingastarfi.

Aðildarfélög skuli skila ársskýrslum til sambandsins að loknum aðalfundum sínum eða eigi síðar en 31. maí. Ársskýrslur skulu innihalda skýrslu stjórnar með árituðum ársreikningi.

Verði vanhöld á skýrsluskilum er HSV heimilt að halda eftir styrkjum til viðkomandi félags. Geri viðkomandi félag ekki skil á ársskýrslum á réttum tíma tvö ár í röð hefur stjórn HSV heimild til að taka viðkomandi félag af úthlutunarlista. Það fjármagn sem þegar hefur safnast upp skal renna 30% til afreksmannasjóðs HSV og 70% í búnaðarsjóð HSV. Að auki getur ársþing HSV tekið ákvörðun um að félaginu skuli vikið úr sambandinu. Ákveði þing að víkja félagi úr sambandinu skal tilkynna það til félagsins, ÍSÍ, UMFÍ og viðkomandi sérsambands/sérsambanda.

Félag sem fellt hefur verið úr sambandinu getur óskað eftir aðild að HSV að nýju. Skal þá fara með umsóknina samkvæmt 3. grein þessara laga, að undanskilinni kröfu um framlagningu stofnfélagaskrár.

HSV sér um að dreifa styrkjum til aðildarfélaga skv. innsendum ársskýrslum. Styrkir þessir eru bein fjárframlög frá bæjarfélagi, Lottógreiðslur og greiðslur frá Íslenskum getraunum.

Styrkir skulu skipast á milli aðildarfélaga skv. eftirfarandi reiknireglu:

1. 70 % miðast við fjölda iðkenda, yngri en 18 ára
2. 20 % miðast við fjölda iðkenda 18 ára og eldri
3. 5 % miðast við skráða félaga
4. 5 % er skipt jafnt á félög

Lög aðildarfélaga sambandsins skulu staðfest af stjórn HSV svo og allar síðari lagabreytingar sem gerðar kunna að vera.

Greinargerð:

Stjórn HSV finnur sterkt fyrir því hversu mikil fjárþörf er í íþróttahreyfingunni. Þrátt fyrir fjölda styrktarsjóða er enginn sjóður sem styrkir búnaðarkaup en stjórn hefur fundið fyrir mikilli þörf á styrkjum til búnaðarkaupa og er búnaður margra félaga orðin úreltur og kominn tími á endurnýjun.

Afrekssjóður fær úthlutað 10% af lottótekjum HSV árlega. Framlag í sjóðinn árið 2021 var XX krónur frá Ísafjarðarbæ og 1.399.251 sem hlutfall af lottótekjum. Greiddar voru út 2.190.000.

Stjórn HSV leggur því til að þær tekjur sem haldið er eftir af lottótekjum til félaga vegna vanefnda á skýrsluskrifum skiptist á milli afrekssjóðs og fræðslusjóðs HSV.

Stjórn falið að semja úthlutunarreglur fyrir sjóðinn og bera þær til samþykktar á formannafundi.